

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegur, Reykjavíkurvegur 76-80.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. mars 2010 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegur vegna Reykjavíkurvegur 76-80. Breytingin felst í að byggingarreitur á lóð nr. 78 við Reykjavíkurveg er stækkaður og bílastæðum fjölgað um fimm á sömu lóð. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 12. apríl 2010,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2010